

## ✉ Re: Möðruvellir 1 - Skipulagslýsing - Breyting á aðalskipulagi.

Búið til	31.3.2022 14:18:06
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	31.3.2022 14:18:05
Tilheyrir	📁 202203-0022 - Möðruvellir 1 - Skipulagslýsing - Breyting á aðalskipulagi Kjósahrepps.

### Efni

Re: Möðruvellir 1 - Skipulagslýsing - Breyting á aðalskipulagi.

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	31.3.2022 14:18:05	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	sigurdur@kjos.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

-----  
Tilvísun í mál nr. 202203-0022 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósahrepps, dags. 9. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Kjósahrepps 2017-2029.

Um er að ræða breytingu á landnotkun á hluta frístundabyggðar Möðruvalla 1, þar sem breyta á hluta frístundabyggðar F15c í íbúðarbyggð. Breytingin er ekki stórfelld þar sem hún varðar einungis þrjár lóðir.

Í greinargerð gætir misskilnings þar sem segir að "engin náttúruverndarsvæði friðlýst svæði (NÍ, 2021b) eða náttúruminjar eru á skipulagssvæðinu (NÍ, 2021a)" jafnvel þó það komi fram að skipulagssvæðið sé innan svæðis nr. 134 á náttúruminjaskrá. Svæði á náttúruminjaskrá teljast vera náttúruverndarsvæði og laga þarf því þetta orðalag í textanum.

Svæði nr. 134 á náttúruminjasrá er stórt þar sem það nær til vatnasviðs Laxár. Öll áform um uppbyggingu þarf því að rýna með tilliti til þess að þau auki ekki álag á vatnasviðið þannig að skaða beri af. Þótt þessi tiltekna uppbygging sé smá í sniðum og ein og sér sé ólíkleg til að valda álagi á lífríki Laxár, þá eru fleiri dæmi um nýlegar aðalskipulagsbreytingar innan svæðis nr. 134 þar sem stefnt er að uppbyggingu íbúabyggðar. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að skoða heildstætt hvort og hversu mikil uppbygging sé heppileg innan svæðis 134 í heild sinni. Nú þegar er mjög mikið um frístundabyggðir á svæðinu fyrir utan landbúnaðarsvæði og töluverð umferð ökutækja. Hætta á að álag á vatnasvið Laxár aukist með meiri umsvifum er því sannarlega til staðar. Mikilvægt er að lagt sé mat á þol vatnakerfisins og lífríkis þess.

Fram kemur að Veðurstofa Íslands hafi unnið staðbundið ofanflóðahættumat fyrir skipulagssvæðið og var niðurstaðan sú að áhættan á aur- og vatnsflóðum væri talin ásættanleg fyrir frístundahús en frekara mats væri þörf áður en íbúðarhús væru reist á skipulagssvæðinu. Ekki kemur fram í greinargerðinni að stefnt sé að frekara mati en Náttúrufræðistofnun telur að slíkt hljóti að vera lykilsenda áður en breyting á aðalskipulagi sé samþykkt.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Sigurður H. Ólafsson" <[sigurdur@kjós.is](mailto:sigurdur@kjós.is)>

**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)>; "Umhverfisstofnun" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "Minjastofnun Íslands" <[postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)>; "eftirlit@hev.is" <[eftirlit@hev.is](mailto:eftirlit@hev.is)>; "Vegagerðin - VG" <[Vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:Vegagerdin@vegagerdin.is)>; "skrifstofa@vedur.is" <[skrifstofa@vedur.is](mailto:skrifstofa@vedur.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "shs@shs.is" <[shs@shs.is](mailto:shs@shs.is)>; "Rarik" <[rarik@rarik.is](mailto:rarik@rarik.is)>; "Kjósarveitur ehf" <[kjósarveitur@kjós.is](mailto:kjosarveitur@kjós.is)>

**CC:** "Sigurbjörg Áskelsdóttir" <[landlinur@landlinur.is](mailto:landlinur@landlinur.is)>; "Karl Magnús" <[Oddviti@kjós.is](mailto:Oddviti@kjós.is)>; "Regína Hansen Guðbjörnsdóttir" <[regina@kjós.is](mailto:regina@kjós.is)>

**Subject:** Möðruvellir 1 - Skipulagslýsing - Breyting á aðalskipulagi.

**Date:** 9.3.2022 11:54:18

Góðan dag.

Sent til umsagnar, í samræmi við 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsingin verður kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu, ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu.

Eftir kynningu á skipulagslýsingunni verður farið með tillögu að aðalskipulagsbreytingu samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

*Kær kveðja,*

***Sigurður H. Ólafsson***

*Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps*

*Sími 566 7100 / 898 2297*

*Netfang: [skipulag@kjos.is](mailto:skipulag@kjos.is) (mailto:skipulag@kjos.is)*

## Viðhengi

image001.png (5 KB)